

1864.
8. des.

með fjárnámsgjörð þeirri, er þér sem sýslumaður í Dalasýslu hélduð 18. dag maímánaðar 1861, að fæ þetta hefði eigi getað fengizt hjá Gísla, en hann hafði með dómi landsyfrréttarins 28. dag desemberm. 1857 verið skyldaður til að borga málskostnaðinn; hafði þér í bréfi 2. d. marzm. skotið máli þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði þær ráðstafanir, sem þörf er á, að þærið útskrípt af ádurgreindri fjárnámsgjörð, er stjórnarráðið hefir fengið frá reikningastjórnardeild konungsríkisins, ber með sér, að hinn dæmdi átti fjármuni, sem leggja hefði mátt út í málskostnað þann, er hann var dæmdur í, þá hefir kostnaður þessi ranglega verið látinn lenda á jafnaðarsjóðnum, en að dómsmálastjórnin samt sem áður ekki mun skerast frekar í málið, ef ofangreind upphæð verður endurgoldin sjóðnum aptur með því að tilfæra hana með tekjum hans í næsta reikningi, og hefir reikningastjórnardeildinni í dag verið skýrt frá þessu.

9. des.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um það, hvernig reikna skuli til peninga landskuldargjald í fríðu af þjóðjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Með bréfi, dagsettu 5. dag ágúst. þ. á., hafði þér, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu skjal frá Clausen sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu og umboðsmanni yfir konungsjörðunum þar; biður hann um ákvörðun dómsmálastjórnarinnar um þessar spurningar:

1. hvort þær landskuldir af greindum jörðum, sem áskilið er í byggingarbréfunum að gjaldast skuli í fríðu, eigi að borgast eptir verði því, sem í verðlagsskránni er á fríðu, en þeim gjaldmáta hefir hann fram fylgt reikningsárið 1863—64, eður eptir meðalverði allra meðalverða, einsog tíðkapt hefir um mörg ár á undan;
2. ef hið síðara eigi að vera reglan, hvort þá ekki beri að

1864.

9. des.

- borga leiguliðunum aptur mismun þess, er þeir hafa goldið það reikningsár, sem hér er um rætt, og hinnar minni upphæðarinnar, er gjöldin hefðu numið, ef þau hefðu verið reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, og
3. ef það eigi að vera reglan, sem hér er ráð fyrir gjört, hvort ekki bera að setja í byggingarbréfin framvegis beina ákvörðun um, að landskuld sú, sem áskilin er í friðu, skuli reiknuð til peninga eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, þegar hún ekki sé goldin í skileyri.

Eptir að skrifazt hefir verið á um málefni þetta við reikningastjórnardeild konungsríkisins, skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Clausen sýslumanni, að þaræð gjöld þau, sem hér er um rætt, eptir því, sem skýrslur eru fram komnar um, hafa með samþykki hins fyrrveranda konunglega rentukammers um langan tíma verið reiknuð og goldin eptir hinni almennu meðalalin í verðlagsskránni, þá þykir stjórnarráðinu ekki hlýða að banna, að þau einnig framvegis seu reiknuð og goldin á sama hátt, jafnvel þó álíta verði þenna reikningsmáta fremur rangan í sjálfu sér, eins og þér, herra stiptamtmaður, einnig hafið sýnt fram á, og að það leiðir af þessu, að kveða ber já við 2. og 3. spurningunni.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrirvaldanna á Íslandi, um borgun til prófdómenda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.

13. des.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bréf nokkurt frá Jóni landsyfirrættardómara Péturssyni og Ólafi prófasti Pálssyni; hafa embættismenn þessir udanfarin ár gegnt þeim starfa að vera prófdómendur við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík og biðja þeir nú um, að sú 10 ríkisdala þóknun, sem þér í 4 síðustu árin hafið veitt hvorum þeirra fyrir greindan starfa, verði hækkuð til 15